

# Endurskoðunarnefnd

Hluti af stjórnarháttum fyrirtækja

# Efnisyfirlit

|   |    |
|---|----|
| Inngangur.....                                | 3  |
| Endurskoðunarnefnd skiptir máli.....          | 4  |
| Skipulag endurskoðunarnefndar.....            | 5  |
| Hlutverk endurskoðunarnefndar.....            | 6  |
| Yfirlit um hlutverk endurskoðunarnefndar..... | 7  |
| Samstarf við endurskoðendur.....              | 8  |
| Mikilvægi þekkingar og samskipta.....         | 9  |
| Ábyrgð stjórnar.....                          | 9  |
| Stjórnarhættir.....                           | 10 |
| Þjónusta PricewaterhouseCoopers.....          | 11 |

# Inngangur

Endurskoðunarnefnd framkvæmir ekki endurskoðun en hefur hins vegar lykilhlutverki að gegna við að tryggja öryggi og gagnsæi fjárhagsupplýsinga sem ætlaðar eru ýmsum ólíkum hagsmunaaðilum.

Þrátt fyrir að sú krafa sé gerð í lögum og leiðbeiningum um stjórnarhætti sem gefnar voru út af Kauphöll Íslands, Viðskiptaráði og Samtökum atvinnulífsins, að tilteknir lögaðilar setji á stofn endurskoðunarnefnd eru fáséðar nánari leiðbeiningar um störf slíkrar nefndar. Einnig er skortur á því að gerð sé grein fyrir mikilvægi endurskoðunarnefndar í stjórnkerfi fyrirtækja til að tryggja að viðhafðir séu góðir stjórnarhættir í rekstrinum.

Í lögum um ársreikninga er kveðið á um að stjórn skipi endurskoðunarnefnd. Bæklingi þessum er ætlað að veita stjórn og nefndarmönnum í endurskoðunarnefnd mikilvægar upplýsingar um hlutverk og störf nefndarinnar. Jafnframt er ætlunin að varpa ljósi á mikilvægi slíkrar nefndar innan stjórnarháttanna.

Við hvetjum þig til að hafa samband við starfsmenn PricewaterhouseCoopers hf. (PwC) vakni einhverjar spurningar um efni bæklinga þessa eða önnur atriði er varða stjórnarhætti fyrirtækja enda hefur PwC verið leiðandi í ráðgjöf um góða stjórnarhætti á Íslandi.

Nánara efni um stjórnarhætti má finna á heimasíðu PwC á vefsvæði Fyrirtækjaráðgjafar, sjá [www.pwc.com/is](http://www.pwc.com/is).

Reykjavík í febrúar 2009  
PricewaterhouseCoopers

# Endurskoðunarnefnd skiptir máli

Endurskoðunarnefnd er undirnefnd stjórnar og ber stjórn ábyrgð á skipun hennar.

Hlutverk stjórnar er að sjá til þess að skipulag og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi, framfylgja ákvörðunum aðalfundar, annast stefnumótun og tryggja almennt að starfsemin nái markmiðum sínum. Viðfangsefni stjórnar ráðast af umsvifum og eðli þeirrar starfsemi sem um er að ræða. Í leiðbeiningum um stjórnarhætti er talið eðlilegt að stjórn feli undirnefndum ólíka þætti í störfum stjórnarinnar jafnvel án tillits til þess hvort létta þurfi álagi af stjórn eða ekki. Ræður þá ferðinni mikilvægi þess að tiltekin verkefni stjórnar fái nánari umfjöllun og greiningu í smærri hópi.

Ein af þeim undirnefndum sem í leiðbeiningum um stjórnarhætti er gert ráð fyrir að sinni slíkum mikilvægum verkefnum er endurskoðunarnefnd sem gegnir lykilhlutverki í að tryggja öryggi og gagnsæi fjárhagsupplýsinga.

Hugtakið stjórnarhættir nær til allra helstu þátta sem varða hlutverk og ábyrgð stjórnar, stjórnarmanna og stjórnenda gagnvart ýmsum hagsmunaaðilum. Finna má ýmsa af þessum þáttum í lögum um hlutafélög og ársreikninga. Það er þó engin tiltekin löggjöf sem fjallar sérstaklega um stjórnarhætti.

Endurskoðunarnefnd gegnir lykilhlutverki í að tryggja öryggi og gagnsæi fjárhagsupplýsinga.

# Skipulag endurskoðunarnefndar

Vanda þarf val nefndarmanna og þeir verða að vera óháðir gagnvart stjórnendum í reynd og ásýnd.

Í ársreikningalögum og leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja er gert ráð fyrir að endurskoðunarnefnd sé skipuð að minnsta kosti þrem nefndarmönnum og mikilvægt er að meirihluti nefndarinnar sé óháður þeirri einingu sem um er að ræða. Óhæði felst í því að láta ekki eigin hagsmuni eða annarra hafa áhrif á störf sín og tengjast ekki neinu sem getur haft áhrif á kröfuna um hlutlægni.

Í lögum um ársreikninga kemur ekki fram hvort þeir sem skipa endurskoðunarnefnd skuli eiga sæti í stjórn. Í leiðbeiningum um stjórnarhætti er gert ráð fyrir að formaður og meirihluti nefndarinnar sé jafnframt í stjórn.

Með hliðsjón af hlutverki nefndarinnar verða þeir sem hana skipa að hafa nægilega þekkingu í samræmi við störf nefndarinnar og að minnsta kosti einn nefndarmanna að hafa staðgóða þekkingu og reynslu á sviði reikningsskila og endurskoðunar.

Meðal þess sem kemur til álita við mat á staðgóðri þekkingu er:

- Þekking á settum reikningsskilareglum
- Reynsla við endurskoðun og gerð eða greiningu reikningsskila
- Þekking á innra eftirliti með gerð reikningsskila

Skýrar verklagsreglur auðvelda nefndinni og öðrum að skilja hlutverk hennar og ábyrgð. Ákvæði hlutafélagalaga um starfsreglur stjórnar ná einnig til undirnefnda. Nefndin verður að halda reglulega fundi með markvissa og skipulega dagskrá. Í starfsreglum nefndarinnar á að gera ráð fyrir því að nýir nefndarmenn fái leiðsögn og upplýsingar um störf og starfshætti nefndarinnar.

**Staðgóð þekking og óhæði skiptir máli við val nefndarmanna.**

# Hlutverk endurskoðunarnefndar

Endurskoðunarnefnd annast hlutverk stjórnar sem lýtur að innra eftirliti. Í því felst greining og mat á áhættuþáttum og athugun á fyrirkomulagi og virkni eftirlitsaðgerða sem eru hluti þess innra eftirlits sem stjórn ber að koma á fót og viðhalda.

Mikilvægur þáttur innra eftirlits sem fellur undir hlutverk endurskoðunarnefndar er það ferli og eftirlitsaðgerðir sem lúta að því að tryggja að fjárhagsupplýsingar séu áreiðanlegar hvort sem um er að ræða ársreikninga, árshlutreikninga eða innri stjórnendaupplýsingar.

Helstu viðfangsefni nefndarinnar eru auk þess:

- Mat á reikningssskilum og skýrslugerð stjórnenda um fjármál
- Eftirlit með áhættugreiningu og viðbrögðum við áhættu
- Eftirlit með endurskoðun ársreiknings
- Fylgja eftir úrbótum á annmörkum sem fram kunna að koma á innra eftirliti
- Ganga úr skugga um óhæði endurskoðenda
- Ákvarða hvort störf endurskoðenda önnur en endurskoðun skerði óhæði þeirra
- Setja fram tillögu til stjórnar um tilnefningu endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis fyrir aðalfund
- Meta þörf á innri endurskoðun
- Eftirlit með innri endurskoðun þar sem við á
- Annast ráðningu og samskipti við innri endurskoðanda þar sem við á


# Yfirlit um hlutverk endurskoðunarnefndar



# Samstarf við endurskoðendur

Endurskoðunarnefnd annast samskipti við endurskoðendur. Nefndin fer yfir endurskoðunaráætlun endurskoðanda og fylgist með störfum þeirra. Í hlutafélögum er nefndinni ætlað að koma með tillögu til stjórnar um tilnefningu til hluthafafundar um endurskoðendur, semja um þóknun fyrir endurskoðun og ræða við þá um niðurstöður endurskoðunarinnar. Nefndin þarf að ganga úr skugga um að endurskoðendur uppfylli ákvæði laga og reglna um óhæði í störfum sínum.

Innri endurskoðun, þar sem það á við, heyrir undir endurskoðunarnefnd í skipuriti eins og sýnt er á myndinni hér fyrir neðan. Nefndin annast eftirlit með störfum innri endurskoðunar og gengur úr skugga um hæfi þeirra sem þar veljast til starfa. Nefndin annast ráðningu innri endurskoðanda.



# Mikilvægi þekkingar og samskipta

Mikilvægur þáttur í störfum endurskoðunarnefndar er að viðhalda þekkingu þeirra sem í nefndinni starfa, sérstaklega á sviði laga og settra reglna um reikningskil og endurskoðun. Sjálfsmat nefndarinnar og einstakra nefndarmanna á eigin störfum er mikilvægt með tilliti til þess hve þýðingarmikið starf nefndarinnar er.

Endurskoðunarnefnd þarf að stuðla að góðum samskiptum við stjórnendur og gert er ráð fyrir að nefndin óski eftir skýrslum og greinargerðum stjórnenda um mál sem störf þeirra varða. Nefndin starfar í umboði stjórnar og veitir henni skýrslu um störf sín.

Gert er ráð fyrir að nefndin hafi tíð samskipti við endurskoðendur og innri endurskoðun í þeim tilgangi að tryggja að brugðist sé tímanlega við ábendingum og álitamálum sem upp kunna að koma í störfum þeirra.

**Endurskoðunarnefnd þarf að setja sér starfsreglur og viðhalda sérþekkingu sinni.**

## Ábyrgð stjórnar

Endurskoðunarnefnd er ætlað að taka á afmörkuðum verkefnum á verkssviði stjórnar fyrirtækja. Að þessu leyti á það sama við um endurskoðunarnefnd, starfskjaranefnd og aðrar nefndir sem stjórn setur á laggirnar hvort sem þær eru lögskipaðar eða ekki.

**Stjórn ber ábyrgð á störfum endurskoðunarnefndar.**

Þessum nefndum er öllum ætlað að skerpa á afmörkuðum þáttum á verkssviði stjórnar. Skipan slíkra nefnda breytir hins vegar engu um ábyrgð stjórnarinnar sem ber fulla ábyrgð gagnvart eigendum og öðrum hagsmunaaðilum á öllum þeim verkum sem henni ber að sinna. Ábyrgð stjórnar felst ekki síst í því að sjá til þess að hún búi á sérhverjum tíma yfir mikilvægum upplýsingum um rekstur fyrirtækisins og geti brugðist fljótt við komi upp sérstakar aðstæður.

Góðir stjórnarhættir snúast ekki eingöngu um störf stjórnarinnar heldur um samstarf þeirra aðila sem mynda fyrirtækið. Stjórn gegnir hins vegar lykilhlutverki í því að setja tóninn og sjá til þess að framkvæmdastjórn innleiði stefnu stjórnarinnar um góða stjórnarhætti af festu og þekkingu.

# Stjórnarhættir

Í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti sem gefnar hafa verið út hér á landi og erlendis hefur PwC skipt stjórnarháttum upp í sex flokka eins og sýnt er á myndinni hér að neðan. Í hverjum flokki eru helstu þættir sem gæta þarf að við innleiðingu og viðhald stjórnarháttanna en vægi þeirra ræðst af eðli og umfangi starfseminnar. Áhersla er lögð á að hver þáttur styðji annan og í heild myndi þeir góða stjórnarhætti.

Vakin er athygli á staðsetningu endurskoðunarnefndar sem hluta af skipulagi stjórnar en störf hennar og áhrif ráðast óhjákvæmilega af öðrum þáttum innan og utan þess sem fram kemur í flokknum skipulag stjórnar.

| Samsetning stjórnar og mönnun  | Skipulag stjórnar og skilvirkni   | Stefnumótun og eftirfylgni  | Áhættumat og innra eftirlit   | Gagnsæi og upplýsingagjöf   | Samfélagsábyrgð  |
|--|---|---|---|---|--|
| <ul style="list-style-type: none"> <li>Samsetning og frammistaða</li> <li>Nýliðun og þjálfun</li> <li>Starfskjör stjórnar</li> <li>Lok stjórnarsetu og tilnefning nýrra stjórnarmanna</li> </ul> | <ul style="list-style-type: none"> <li>Skipulag stjórnar</li> <li>Starfsreglur</li> <li>Endurskoðunarnefnd</li> <li>Starfskjara-nefnd</li> <li>Aðrar nefndir</li> </ul> | <ul style="list-style-type: none"> <li>Framtíðarsýn</li> <li>Stefnumótun og viðskiptaáætlun</li> <li>Eftirlit með frammistöðu framkvæmdastjórnar og árangurs í rekstri</li> <li>Stefna í upplýsingatækni</li> <li>Mannauðsstjórnun</li> </ul> | <ul style="list-style-type: none"> <li>Áhættugreining</li> <li>Áhættumat</li> <li>Innra eftirlit</li> </ul> | <ul style="list-style-type: none"> <li>Fjárhagsupplýsingar</li> <li>Önnur upplýsingagjöf til haghafa</li> </ul> | <ul style="list-style-type: none"> <li>Siðareglur fyrirtækisins</li> <li>Viðskiptasiðferði</li> <li>Starfsmannatengsl</li> <li>Öryggisþættir</li> <li>Samfélagsleg ábyrgð</li> <li>Hlítning við lög og reglur</li> </ul> |

# Þjónusta PricewaterhouseCoopers

PricewaterhouseCoopers nálgast stjórnarhætti með það að markmiði að stjórn hafi þekkingu, skilning og tæki til að gæta hagsmuna viðkomandi aðila á sem skilvirkastan hátt.

Stjórn sem vill verða við kröfunni um góða stjórnarhætti þarf að sýna fram á að gætt hafi verið að þeim þáttum sem mestu skipta miðað við eðli og umfang starfseminnar.

Starfsfólk PricewaterhouseCoopers hefur reynslu og þekkingu til þess að veita aðstoð á þessu sviði sem sniðin er að þörfum hvers og eins.

Meðal þeirrar þjónustu sem PwC býður:

- Ráðgjöf við gerð starfsreglna fyrir endurskoðunarnefnd
- Úttektir á einstökum þáttum sem varða störf endurskoðunarnefndar svo sem mat á innra eftirliti, áhættugreining og áhættumat o.fl
- Ráðgjöf varðandi upplýsingar sem snerta störf endurskoðunarnefndar
- Ráðgjöf og aðstoð við framkvæmd mats á störfum endurskoðunarnefndar
- Námskeið sem snerta hlutverk og skyldur þeirra sem skipa endurskoðunarnefnd

Auk þess býður PwC upp á margvíslega aðra þjónustu tengda stjórnarháttum fyrirtækja.

